

17. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn 1. júní 2021 kl. 13.00

MÆTT: Elsa Ingjalbsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Björgvin Ólafsson (H) varamaður í forföllum Unnsteins Eggertssonar. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Edda Arndal, fulltrúi foreldraráðs. Fundargerð ritaði Elsa Ingjalbsdóttir.

FUNDURINN VAR FJARFUNDUR Í TEAMS

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

Óskaði Elsa jafnframt eftir breytingum á dagskrá þess eðlis að færa lið 1 á dagskrá til nr. 2. Var það samþykkt.

DAGSKRÁ:

1. Innsendar upplýsingar/tölvupóstur

- a. Tölvupóstur frá Eddu Arndal dags. 24. maí sl. þar sem fleygt er fram „vangaveltum foreldris“ eftir lestur síðustu fundargerðar skólanefndar og skýrslu leikskólastjóra. Í tölvupóstinum eru dregnir fram kostir leikskólastarfsins að Undralandi og ánægju barna hennar í leikskólanum. Jafnframt vangaveltur um gjaldfrjálsan leikskóla og/eða veitingu grunnþjónustu.
- b. Tölvupóstur frá Lindu Björk Friðgeirsdóttur dags. 27. maí sl. þar sem fram kemur óánægja með framkomu og vinnubrögð nokkurra starfsmanna í garð foreldra og barna.

Skólanefnd þakkar fyrir framkomnar upplýsingar.

Í ljósi þeirra telur nefndin rétt að fá Skóla- og velferðarskrifstofu Árnesþings að borðinu til að vinna frekar úr upplýsingunum og leggja mat sitt fyrir skólanefnd og stjórnendum leikskólans.

2. Beiðni frá leikskólastjóra um ársleyfi frá störfum.

Með bréfi dags. 18. maí sl. hefur leikskólastjóri óskað eftir ársleyfi frá störfum frá og með 1. júlí næstkomandi. Ingibjörg gerði grein fyrir beiðni sinni, svaraði spurningum nefndarmanna og vék svo af fundi.

Samkvæmt lögum nr. 90/2008 um leikskóla og sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 er ákvörðun um veitingu leyfis leikskólastjóra á borði sveitarstjórnar og sveitarstjóra. Skólanefnd er hins vegar „sveitarstjórn til ráðgjafar í skólamálum“ sbr. erindisbréf nefndarinnar.

Nú liggur fyrir að fimm starfsmenn leikskólans hafa sagt starfi sínu lausu, fengið leyfi frá störfum eða fara úr tímabundnu starfi.

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir mönnun á lausum stöðugildum innan leikskólans telur skólanefnd tímasetningu leyfisbeiðni leikskólastjóra afar óheppilega.

Ofangreind skoðun er fyrst og fremst sett fram með hagsmuni starfsemi leikskólans að leiðarljósi og þjónustuveitingu við börn og foreldra.

Næsti fundur ákveðinn síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30.